



Aðalfundur Kayakklúbbsins 2015 haldinn í Íþróttamiðstöðinni Laugardal, 26. febrúar 2015 kl 20:00

Ágætis mæting var var fundinum sem taldi 25 manns.

Klara Bjartmarz formaður setti fundinn og stakk upp á Ólafíu Aðalsteinsdóttur sem fundarstjóra og Sveini Axel Sveinssyni sem fundaritari, sem fundurinn samþykkti með lófataki.

Ólafía tók við stjórn fundarins og kynnti dagskrá fundarins skv. lögum félagsins

Klara formaður fór yfir skýrslu stjórnar og formenn nefnda yfir skýrslu hvernar nefndar, allar skýrslurnar eru aðgengilegar í [skjalasafni félagsins](#) á vef Kayakklúbbsins. Athygli vakti hve nöfn margra félagsmanna væri minnst á í skýrslu stjórnar, en það er lýsandi dæmi um þann fjölda félaga sem eru virkir í félaginu. Í skýrslu stjórnar er m.a. umfjöllun um framtíðar staðsetningu og aðstöðu, mögulega Sundabraut og áhrif hennar á okkar staðsetningu, möguleg áhrif hugsanlegrar Fossvogsbrúar á róðrarsvæðið í Nauthólsvík, samninginn við Brokey varðandi aðstöðuna í Nauthólsvík, hringferðir og öryggismál.

Gunnar Ingi Gunnarsson kynnti skýrslu ferðanefndar:

Í ferðanefndinni voru 11 félagar sem skipulögðu ferðir sumarsins ásamt að Gísli H. Friðgeirsson tók að sér fararstjórn í einni ferð. Ferðir á vegum ferðanefndarinnar voru 3 næturóðrar, 2 útilegur og 9 dagróðrar. 3 ferðum var breytt vegna veðurs og ein ferð féll niður. Samtals tóku 123 þátt í þessum ferðum og nokkrir félagsmenn mættu að sjálfsögðu í fleiri en eina ferð. Allar ferðirnar eru komnar inn á „[Google Map](#)“ svæði Kayakklúbbsins

Össur Imsland kynnti skýrslu húsnæðisnefndar:

Byrjaði á að fara yfir hlutverk nefndarinnar sem er að halda utan um aðstöðuna, helsti viðburðinn var vinnudagur í apríl sem gekk vel. Páll Gestsson hefur haft umsjón með okkar aðstöðu í Nauthólsvík. Núverandi staðsetning er á góðum stað á Geldinganesinu, aðstaðan fín. Meðan staða Sundabrautarinnar er óljós, er ólíklegt að farið verði í einhverjar stærri breytingar hvað varðar húsnæði eða staðsetningu á Geldinganesinu.

Egill Þorsteinsson kynnti skýrslu keppnisnefndar:

3 keppnir voru haldnar með hefðbundnu sniði. Sl. tvö ár hafa keppnir úti á landi fallið niður og 2014 reyndist enginn áhugi fyrir að bjóða upp á keppnir sem er mjög miður. Eymundur Ingimarsson og Klara Bjartmarz urðu Íslandsmeistarar 2014. 25 manns tóku þátt í keppnunum, sem er heldur minni þátttaka en í fyrra. Engin keppni var haldin fyrir straumkayaka. Spurning um keppnishald á næstu árum. Umræða var um keppni í sjókayakfærni og veltum, sem sumum fundarmönnum finnst vanta og eigi að vera hluti af keppninni um Íslandsmeistara titilinn.

Magnús Sigurjónsson kynnti skýrslu sundlaugarnefndar:

Starf sundlaugarnefndar var hefðbundið, mætingin í laugina var heldur minni en s.l. ár. Aðstaðan lítið breyst. Tekið var upp nýtt fyrirkomulag í sundlaugarnefndinni, einn nefndarmaður er ábyrgur fyrir hverri æfingu, sér um að auglýsa æfinguna, mæta á æfinguna, skrá þátttöku og sér um að gengið sé



frá bátum og búnaði í kjallara laugarinnar. Heldur minni ásókn var á námskeiðin í lauginni, en þátttakan var betri á sumarnámskeiðin sem eru haldin í Geldinganesinu.

Gísli Karlsson gjaldkeri fór yfir skoðaða reikninga:

Skoðunarmaður reikninga var Gísli H. Friðgeirsson.

Tekjurnar voru heldur meiri en á síðasta ári. Fengum tryggingarbætur vegna innbrots í aðstöðuna. Farið var yfir helstu liði í skýrslunni, sjá nánar í [skjalasafninu](#). Félagið á engar skuldir. Nýskráningar á árinu voru samtals 43. Útgefnir greiðsluseðlar vegna félagsgjalda voru 424. Rukkað var fyrir 180 kayaka í Geldinganesinu og 30 kayaka í Nauthólsvík, þar af eru 9 geymslugjöld óinnheimt í Geldinganesinu og 2 í Nauthólsvíkinni. Miklum tíma eytt í að innheimtu á síðasta ári, en 9 félagsmenn skulda þessi geymslugjöld, en hafa verið töluvert fleiri síðustu ár.

Umræða um skýrslu stjórnar og reikninga:

Rætt var um hvað væri hægt að gera við þessa kayaka sem eru í ógreiddri leigu, taka í notkun skuldagám ofl. Hugsanlega væri hægt að koma fyrir gámi eða gámum í aðstöðu Brokeyjar í Gufunesinu, sem er innan aðstöðu Gámþjónustunnar.

Gísli H. Friðgeirsson spurði um ferð á Langasjó? Beindi einnig spurningu til formanns húsnaðisnefndar um deiliskipulagið á Geldinganesinu. Lagði áherslu á fegurð Fjósaskletta, vill helst ná fram einhverskonar vernd fyrir svæðið. Birta mætti myndir af svæðinu og fá fram fréttaumfjöllun. Gætum boðið í stemningaferð um svæðið.

Nefnd á vegum Reykjavíkurborgar var sett á laggirnar varðandi skipulags Gufunes. Lítið er um fjörur í Reykjavík.

Okkar svæði á Geldinganesinu er úthlutað árlega til Kayakklúbbsins, hvað varðar skipulag, sem er sbr. við úthlutanir til byggingaverktaka, þegar þeir sækja um gáma fyrir sína aðstöðu á byggingareit. Síðasta aðstöðuleyfi Kayakklúbbsins er runnið út. Meðan deiliskipulagið er óklárt, fáum við ekki endanlega úthlutun. Rætt er um að ekki er hægt að bæta við fleiri gámum vegna plássleysis, en skiptar skoðanir er um það.

Margir kayakar eru í geymslunum í Nauthólsvík og Geldinganesi sem eru sjaldan eða aldrei notaðir, aðstaðan er sem sagt notuð sem geymsla, en ekki sem aðstaða til róðurs. Erum við geymslufélag eða róðrafélag? Húsnaðisnefnd hefur hug á að þeir sem eru með kayak í geymslu skrifi undir sérstakan leigusamning, m.a. til að geta hent út bátum sem ekki er greitt fyrir. Tekjur vegna geymslugjalda eru verulegar fyrir félagið.

Frekari umræða var tekin um skipulag á Geldinganesinu, getum við stækkað endalaust. Tillaga um skuldagám, jafnvel á svæði Brokeyjar í Gufunesinu. Eins var rætt um möguleika á að flytja kayaka þeirra sem aldrei róa úr „góðum“ plássum í gámunum og jafnvel koma þessum kayökum fyrir í gámum á Gufunesinu. Eins og er hefur engum verið neitað um geymslu í Geldinganesinu s.l. 2 ár, nema SOT bátum. Í hvern gám komast 4 kayakar á breiddina, en 3 SOT bátar.

Gísli Karlsson minnti á hve æfingaaðstaðan í Laugardalslauginni væri frábær, en mætingin væri alls ekki góð, hvetja þurfi til betri mætingar félagsmanna. S.l. vetur bauð sundlaugarnefnd upp á skipulagðar æfingar sem byrjuðu vel, en því miður minnkaði þátttakan eftir nokkrar æfingar. Klara nefndi að klúbburinn standi vel fjárhagslega, viðraði hugmynd um að fá erlendan kennara.

Gísli H. Friðgeirsson spyr hvort við erum afgangsstærð í lauginni. Rætt var um hvernig æfingar eru auglýstar, æfingartímann ofl. Fundurinn sammála um að við erum afgangsstærð. Sundlaugarnefnd



mun reyna auglýsa æfingar með aðeins lengri fyrirvara, en oft þegar sundmót eru á sunnudögum, þá er ekki vitað hvort þeim ljúki fyrir okkar tíma fyrr nokkrum klst. áður.

Sigurjón Magnússon kom með fyrirspurn til keppnisnefndar. Hann saknar tæknikeppninnar sem var haldin fyrir 2 árum síðan. Margir félagsmenn stunda alls konar tækniæfingar, eðlilegt að slík keppni sé haldin og keppendur ávinni sér stig íslandsmeistara. Sama eigi við veltukeppni.

Ólafía Aðalsteinsdóttir er ánægð með afar velunna skýrslu ferðanefndar, sem allir eru sammála um, vinnubrögð til fyrirmyndar og góð heimild til seinni tíma.

Áætlun næsta árs:

Gísli Karlsson gjaldkeri eða stjórn setti ekki saman eiginlega fjárhagsáætlun fyrir komandi ár, en hann reiknar með svipuðum tekjum, og enginn stærri kostnaðarliðir hafa verið ræddir eða samþykktir.

Skýrsla stjórnar samþykkt einróma, reikningar samþykktir einróma.

Lagabreytingar:

Sveinn Axel kynnti áður auglýstar lagabreytingar, sem voru samþykktar einróma. Breytingarnar voru:

4.gr Upphafsstetningin *Félagi getur sagt sig úr félaginu með venjulegur fyrirvara* fellur út.

7.gr. breytist í:

Dagskrá aðalfundar:

1. Setning aðalfundar og kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar lögð fram.
3. Skýrslur nefnda lagðar fram.
4. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram og útskýrðir.
5. Umræða um skýrslu stjórnar og nefnda og reikninga.
6. Reikningar bornir upp til samþykktar.
7. Lagðar fram tillögur að lagabreytingum og bornar undir atkvæði.
8. Önnur málefni sem borist hafa til stjórnar lögð fram og borin undir atkvæði.
9. Kosning formanns og fjögurra meðstjórnenda sem skipta með sér verkum í samræmi við 9. grein.
10. Ákvörðun félagsgjalda.
11. Önnur mál.
12. Fundargerð.

Kosning stjórnar og aðrar atkvæðagreiðslur



Kosningu á aðalfundi skal framkvæma með handauppréttingu en sé þess óskað sérstaklega, skal haldin leynileg atkvæðagreiðsla. Lögum félagsins verður ekki breytt nema á aðalfundi og þá með 2/3 hlutum atkvæða. Í öðrum kosningum á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti. Aðalfundur getur með 2/3 atkvæða viðstaddra, tekið fyrir mál utan dagskrár aðalfundar, þó ekki lagabreytingar.

Félagsgjöld:

Stjórn leggur til að að félagsgjöld verði óbreytt, sem er samþykkt einróma.

Önnur mál:

Gísli Friðgeirsson ræddi um BCU námskrár, BCU stjórnur 1-5. Til að standast kröfur „BCU 5* Leader“ í „assessment“ þá þarf umsækjandi að hafa tekið þátt sem róðrarstjóri eða aðstoðarmaður í ferðum sem eru a.m.k. 4 klst. Gísli ætlar að standa fyrir lengri róðum fyrir áhugasama, bent var að dagróðra á vegum ferðanefndar.

Reynir Tómas Geirsson fjallaði um umsögn um náttúrupassann sem hann vann og var send í nafni Kayakklúbbsins, með samþykki stjórnar. Umsögnina er að finna í [skjalageymslunni](#). Í stuttu máli var lagst gegn náttúrupassanum, ekki var bent á aðrar leiðir í staðin, umsögnin var sent til Alþingis og er skráð þar.

Reynir Tómas og Ásta eru og verða áfram okkar tengiliðir hjá SAMÚT.

Reynir Tómas talaði um Dana sem reyndi hringróður s.l. sumar, byrjaði við Höfn, en gafst upp. Svo hefur verið um fleiri. Reynir Tómas var í sambandi við lögfræðing hjá Samgöngustofu og eins forstjóra stofnunarinnar vegna vöntunar á reglum um hringróðra um Ísland og lengri ferða. Erindi Reyni Tómasar var tekið fálega, hlutverk Samgöngustofu snýr að fyrirtækjum eingöngu, ekki einstaklingum. Í raun er engin stofnun á landinu sem skiptir sér að ferðum einstaklinga, hvort sem er á sjó eða landi. Reynir Tómas lýsti ánægju sinni með ritun leiðbeininga fyrir erlenda ræðara, fyrst opinberir aðilar vilja ekkert gera.

Úlfur Hróbjartsson formaður Siglingasambands Íslands sagðist vera í fagraði Samgöngustofnunar, sagði að ekkert eftirlit er með ferðum einstaklinga, en einhverjar reglur eru til sem snúa fyrst og fremst að tryggingarmálum.

Guðni Páll Viktorsson vildi meina að Landhelgisgæslan hefði hug á að fá eitthvert regluvert til að geta vísað í, til þess að hafa möguleika á stoppa af einstaklinga, ef búnaði er ábótavant.

Sigurjón Magnússon áréttaði að við ritun þessarar [leiðbeininga](#) fyrir erlenda ræðara og [skjal](#) um róður á suðurströndinni, þá var markmiðið að setja saman leiðbeiningar en ekki reglur vegna lengri róðra eða hringróðra.

Ólafía Aðalsteinsdóttir sagðist ekki eiga von á neinum breytingum hvað varðar takmarkanir á ferðum einstaklinga, fyrr en Landsbjörg segi hingað og ekki lengra. Þá fyrst verði einhverjar breytingar hugsanlega unnar.

Fundargerð:

Klara Bjartmarz nefnir að stjórnin muni halda áfram að vinna í þessum leiðbeiningum og eins megum við ekki gleyma eigin öryggisreglum, þeim eigum við að framfylgja í félagsróðrum og ferðum. Hún leggur til að fundarstjóra og fundarritara gangi frá endanlega fundargerð aðalfundarins sem er samþykkt.

**Lokaorð:**

Klara lokar fundinum um punkta um talstöðvarmál, telur að „symposium“ sé ekki raunhæfur möguleiki, hefur verið að eins skoðað vegna umræðu frá síðasta aðalfundi. Þakkar Gunnari Inga fyrir formennsku í ferðanefnd, fagnar frumkvæði að finna nýjan formann ferðanefnd sem er Hildur Einarsdóttir og fagnar því frumkvæði að ferðanefndin sé þegar tekin til starfa. Ferðir verða kynntar á vefnum á næstu dögum.

Klara slítur fundi kl. 22:10.